



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## INDLANDSHEIMSÓKN NEHRUVERÐLAUN

Forseti Indlands Pratibha Patil og indversk stjórnvöld hafa boðið forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni að koma í opinbera heimsókn til Indlands dagana 14.-18. janúar næstkomandi og taka um leið við Nehruverðlaununum sem ákveðið var að sæma hann á liðnu ári. Verðlaunin eru ein helsta viðurkenning sem Indland veitir og fær Ólafur Ragnar Grímsson þau fyrir framlag á alþjóðlegum vettvangi og þátttöku sína í baráttu fyrir friði og afvopnun þegar hann átti ásamt öðrum frumkvæði að samstarfi sex þjóðarleiðtoga, m.a. Rajiv Gandhi og Olof Palme.

Nehruverðlaunin eru kennd við fyrsta forsætisráðherra Indlands, þjóðarleiðtogann Jawaharlal Nehru og hafa á undanförunum áratugum m.a. verið veitt ýmsum friðar- og mannúðarleiðtogum.

Í heimsókninni verður fjallað um ýmis samstarfsverkefni Íslendinga og Indverja, svo sem á vettvangi jarðhitánýtingar og orkumála, jökla- og loftslagsrannsókna, vísinda, menningar, viðskipta og kvikmyndagerðar.

Auk forseta verða í sendinefnd Íslands Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, og embættismenn utanríkisráðuneytis og forsetaskrifstofu. Einnig verða með í för fulltrúar háskóla- og vísindasamfélags, viðskipta og menningarstarfsemi.

Forseti Íslands og utanríkisráðherra munu m.a. eiga fundi með forseta Indlands Pratibha Patil, forsætisráðherranum Manmohan Singh og öðrum ráðamönnum Indlands. Þá verða margvíslegir viðburðir, málþing og viðræður í þremur borgum: höfuðborginni Delhi; Mumbai, miðstöð viðskipta og kvikmyndagerðar og í Bangalore, miðstöð upplýsinga- og hátækni.

Nánar verður tilkynnt um dagskrá heimsóknarinnar í upphafi janúarmánaðar.

27. nóvember 2009.

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*